

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

818. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 20. janúar 2014 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Viðræður við sviðsstjóra og rekstrarstjóra framkvæmda- og umhverfissviðs.
2. Umsóknir um nám utan lögheimilissveitarfélags.
3. Erindi Gunnars Sæmundssonar.
4. Erindi Vilhelms Vilhelmssonar og Sólveigar Huldu Benjamínsdóttur.
5. Fundargerð Menningarráðs Norðurlands vestra frá 7. Janúar sl.
6. Fundarboð stofnfundar byggðasamlags um málefni fatlaðs fólks.
7. Leigusamningur um húsnæði áhaldahúss.

Afgreiðslur:

1. Sviðsstjóri og rekstrarstjóri framkvæmda og umhverfissviðs eru mættir til viðræðna við byggðarráð. Farið yfir helstu verkefni sem unnið hefur verið að s.s. hálkuvarnir, snjómokstur, kaup á nýrri dráttarvél, rætt um lagningu hitaveitu í dreifbýli ofl.
2. Lagðar fram umsóknir um námsvist í grunnskóla utan lögheimilissveitarfélags skólaárið 2013/2014 fyrir Davíð Þór Rodríguez og Emilíu Ýr Bryngeirsdóttur. Einnig lagðar fram umsóknir um 5 mánaða leikskólavist utan lögheimilissveitarfélags fyrir Sonju Marý Viðarsdóttur og Brimi Hrafn Hrannarsson. Byggðarráð samþykkir ofangreindar umsóknir.
3. Lagt fram bréf Gunnars Sæmundssonar dags. 15. janúar sl. þar sem hann lýsir áhuga sínum á að hersetunni í Hrutafirði verði minnst með einhverjum hætti s.s. gerð söguskilta, minnisvarða vegna hermanna sem fórust í Hrutafirði ofl. Byggðarráð tekur vel í hugmyndir Gunnars og felur sveitarstjóra að skoða málið í samráði við stjórn Byggðasafns Húnavetninga og Strandamanna.
4. Lagt fram bréf Vilhelms Vilhelmssonar og Sólveigar Huldu Benjamínsdóttur dags. 15. janúar sl. Í bréfinu kemur fram að þau telja að brotið sé á trúfrelsisákvæðum stjórnarskrár Íslands með vikulegum heimsóknum presta í leikskólann Ásgarð þar sem fram fer trúariðkun þ.m.t bænahald. Óskað er eftir að sveitarstjórn skýri afstöðu sína til þessa máls. Byggðarráð samþykkir að vísa erindinu til umsagnar fræðsluráðs og fjölskyldusviðs.
5. Lögð fram til kynningar fundargerð Menningarráðs Norðurlands vestra frá 7. janúar sl.
6. Lagt fram fundarboð stofnfundar byggðasamlags um málefni fatlaðs fólks sem haldinn verður 29. janúar nk. kl. 13:30 á Kaffi Krók á Sauðárkróki.
7. Lögð fram drög að endurnýjuðum húsaleigusamningi vegna Búlands 3B við Sneglu ehf. Byggðarráð samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra undirritun hans.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 15:08

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Elín R. Líndal.

Stefán Böðvarsson.

Áheyrnarfulltrúar:

Guðrún Ragnarsdóttir, fundarritari

Elín Jóna Rósinberg.

Sigurður Kjartansson.